

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
<b>2003/EES/3/01</b>		Tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA um niðurfellingu eða lækkun sekta á málum er varða ólögmett samráð fyrirtækja .....	<b>1</b>
<b>2003/EES/3/02</b>		Leiðbeiningar Eftirlitsstofnunar EFTA um útreikning á sektum sem lagðar eru á samkvæmt samkeppnisreglum EES .....	<b>6</b>
<b>2003/EES/3/03</b>		Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 61. og 63. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól - Stuðningur við kvikmyndaframleiðendur .....	<b>9</b>
<b>2003/EES/3/04</b>		Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól - Skattalækkun vegna útgjalda í tengslum við rannsóknir og þróun .....	<b>10</b>
<b>2003/EES/3/05</b>		Ákvarðanir norskra stjórnvalda um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um flugrekstrarleyfi til handa flugfélögum .....	<b>10</b>
	<b>3.</b>	<b>EFTA-dómstóllinn</b>	
<b>2003/EES/3/06</b>		Dómur dómstólsins frá 9. október 2002 í máli E-6/01: Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Oslo byrett (borgardómur Óslóar): CIBA Specialty Chemicals Treatment Ltd o.fl. gegn norska ríkinu, en í fyrirsvari er ráðuneyti atvinnumála og sveitarstjórna ..	<b>11</b>
<b>2003/EES/3/07</b>		Dómur dómstólsins frá 18. október 2002 í máli E-7/01: Beiðni um ráðgefandi álit frá Gulating lagmannsrett (héraðsrétturinn í Gulating): Hegelstad Eiendomsselskap Arvid B. Hegelstad o.fl. gegn Hydro Texaco AS .....	<b>12</b>

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

2003/EES/3/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.2851 – Intracom/Siemens/STI) . . . . .	13
2003/EES/3/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.2982 – Lazard/IntesaBci/JV) . . . . .	14
2003/EES/3/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3043 – Emerson/Dana/JV) . . . . .	15
2003/EES/3/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3051 – Future Capital/CDPQ/SAM Holding/Zipperling/Ormecon) . . . . .	16
2003/EES/3/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3064 – Ahlström Capital/CapMan/Nordkalk) . . . . .	17
2003/EES/3/13	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3071 – Carnival Corporation/P&O Princess) . . . . .	18
2003/EES/3/14	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3075 – ECS/Intercommunale Iveka) . . . . .	19
2003/EES/3/15	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3076 – ECS/Intercommunale Igao) . . . . .	20
2003/EES/3/16	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3075 – ECS/Intercommunale Intergem) . . . . .	21
2003/EES/3/17	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3075 – ECS/Intercommunale Gaselwest) . . . . .	22
2003/EES/3/18	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3079 – ECS/Intercommunale Imewo) . . . . .	23
2003/EES/3/19	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3080 – ECS/Intercommmunale Iverlek) . . . . .	24
2003/EES/3/20	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.2826 – Alsen/E.ON/JV) . . . . .	25
2003/EES/3/21	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3034 – CVC Group/El Arbol) . . . . .	25
2003/EES/3/22	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 59/2002 - Danmörk . . . . .	26
2003/EES/3/23	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 77/2002 - Belgía . . . . .	26
2003/EES/3/24	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 78/2002 - Belgía . . . . .	27
2003/EES/3/25	Skrá yfir heimiluð aukefni í fóðri sem birt er með hliðsjón af beitingu b-liðar 9. gr. t í tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri . . . . .	27
2003/EES/3/26	Skrá yfir staðla og/eða forskriftir fyrir rafræn samskiptanet, þjónustu og tengdar stöðvar og þjónustu (bráðabirgðaútgáfa) . . . . .	27

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**Tilkynning frá eftirlitsstofnun EFTA um niðurfellingu  
eða lækkun sekta í málum er varða ólögmaett  
samráð fyrirtækja**

2003/EES/3/01

### INNGANGUR

- A. Þessi tilkynning er gefin út samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) og samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól).
- B. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur gefið út tilkynningu undir fyrirsögninni „Tilkynning um niðurfellingu eða lækkun sekta í málum er varða ólögmaett samráð fyrirtækja“<sup>(1)</sup>. Í þeirri gerð, sem er ekki bindandi, er að finna þær meginreglur og ákvæði sem framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna fylgir í sambandi við niðurfellingu eða lækkun sekta í málum sem tekin eru til meðferðar samkvæmt 81. gr. EB-sáttmálans og/eða 53. gr. EES-samningsins<sup>(2)</sup>.
- C. Eftirlitsstofnun EFTA telur að fyrrnefnd gerð varði EES. Til þess að viðhalda jöfnum samkeppnisskilyrðum og tryggja að samkeppnisreglum EES sé beitt eins alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) samþykkir Eftirlitsstofnun EFTA þessa tilkynningu samkvæmt umboði sem henni er veitt samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. Hún hyggst fylgja þeim meginreglum og ákvæðum sem mælt er fyrir um í þessari tilkynningu við beitingu viðeigandi EES-reglna í tilteknu máli.
- D. Þessi tilkynning kemur í stað fyrri tilkynningar frá Eftirlitsstofnun EFTA um að leggja ekki á eða lækka sektir í málum er varða einokunarhringi („tilkynningin frá 1997“)<sup>(3)</sup>.
1. Þessi tilkynning varðar leynilegt samráð tveggja eða fleiri samkeppnisaðila að því er varðar verðákvarðanir, framleiðslu- eða sölukvóta, skiptingu markaða, meðal annars með hagræðingu á útboðum, sem og samráð um að takmarka inn- eða útflutning. Slíkar aðgerðir eru með alvarlegustu samkeppnishindrunum sem Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórnin þurfa að takast á við og leiða að lokum til hærra vöruverðs og takmarkaðs vöruúrvals fyrir neytandann. Þær skaða einnig iðnað innan EES.
2. Þegar fyrirtæki takmarka á óeðlilegan hátt samkeppni, sem myndi ríkja við eðlilegar aðstæður, komast þau hjá pressunni sem leiðir til nýsköpunar, bæði að því er varðar vöruþróun og innleiðingu skilvirkari framleiðsluáferða. Slíkar aðgerðir leiða einnig til þess að hráefni og íhlutir verða dýrari fyrir EES-fyrirtæki sem kaupa af þessum framleiðendum. Til lengri tíma litið leiða þær til skertrar samkeppnishæfni og færri atvinnutækifæra.
3. Eftirlitsstofnun EFTA er ljóst að tiltekin fyrirtæki, sem eiga aðild að slíku ólögmaettu samráði, myndu vilja binda enda á það og tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um tilvist þess, en hliðra sér hjá því vegna hárra sekta sem kynnu að vera lagðar á þau. Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti upphaflega tilkynninguna frá 1997 í því skyni að útskýra afstöðu sína gagnvart fyrirtækjum í slíkri aðstöðu.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 45, 19.2.2002, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skipta með sér heimild til að meðhöndla einstök mál sem falla undir 53. og 54. gr. EES-samningsins samkvæmt ákvæðum 56. gr. EES-samningsins. Eingöngu önnur stofnunin hefur heimild til að annast tiltekið mál.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 282, 18.9.1997, bls. 8 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 39, 18.9.1997, bls. 1.

4. Þegar tilkynningin var samþykkt 1997 taldi Eftirlitsstofnun EFTA að það væri mikilvægt fyrir EES-samninginn að láta fyrirtæki sem ynnu með henni fá hagstæða meðferð. Þeir hagsmunir sem neytendur og almennir borgarar hafa af því að komið sé upp um leynilegt samráð fyrirtækja og þeim refsað vega meira en ávinningurinn af því að sekta þau fyrirtæki sem gera Eftirlitsstofnuninni kleift að koma upp um og banna slíkt athæfi.
5. Þótt grundvallarreglur tilkynningarinnar frá 1997 hafa sannað gildi sitt sýnir reynslan að þær kæmu að meira gagni ef skilyrðin fyrir lækkun sekta væru gerð gagnsærri og skýrari. Meira samræmi milli lækkunar á sektarfjárhæð og þess mikilvægis sem felst í framlagi fyrirtækis við að sanna sekt gæti einnig aukið þessa skilvirkni. Um þetta fjallar þessi tilkynning.
6. Eftirlitsstofnun EFTA telur að samstarf fyrirtækis við að koma upp um ólöglegt samráð hafi gildi í sjálfu sér. Upplýsingar sem leiða til þess að rannsókn er hafin eða að upp kemst um brot geta réttlætt niðurfellingu sektar á viðkomandi fyrirtæki, að því tilskildu að ákveðnum viðbótarskilyrðum sé fullnægt.
7. Ennfremur getur samvinna af hálfu eins eða fleiri fyrirtækja réttlætt lækkun Eftirlitsstofnunar EFTA á sekt. Hvers kyns lækkun á sekt verður að endurspeglar raunverulegt framlag fyrirtækis, bæði hvað varðar mikilvægi þess og hvenær það á sér stað, við að aðstoða Eftirlitsstofnunina EFTA við að koma upp um brot. Lækkunarir verða að einkorðast við þau fyrirtæki sem láta Eftirlitsstofnuninni í té sönnunargögn sem eru mikilvæg viðbót við það efni sem Eftirlitsstofnunin hefur þegar í förum sínum.

#### A. NIÐURFELLING Á SEKT

8. Eftirlitsstofnun EFTA mun fella niður sekt á fyrirtæki sem annars hefði verið sektað ef:
  - a) fyrirtækið er fyrst til að leggja fram sönnunargögn sem að mati Eftirlitsstofnunarinnar geta gert henni kleift að taka ákvörðun um að láta fara fram rannsókn, innan EFTA-stoðarinnar, á grundvelli 3. mgr. 14. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, á meintu ólöglegu samráði sem hefur áhrif innan EES, eða
  - b) fyrirtækið er fyrst til að leggja fram sönnunargögn sem að mati Eftirlitsstofnunarinnar geta gert henni kleift að sanna að meint ólöglegt samráð, sem hefur áhrif innan EES, brjóti gegn 53. gr. EES-samningsins.
9. Niðurfelling á sekt á grundvelli a-liðar 8. mgr. verður eingöngu veitt með því skilyrði að Eftirlitsstofnun EFTA hafi ekki á þeim tíma sem gögn voru lögð fram fullnægjandi sönnunargögn undir höndum til að ákveða að láta fara fram rannsókn í skilningi 3. mgr. 14. gr. II. kafla bókunar 4 í samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól.
10. Niðurfelling á sekt á grundvelli b-liðar 8. mgr. verður eingöngu veitt að uppfylltum þeim skilyrðum að Eftirlitsstofnun EFTA hafi ekki á þeim tíma sem gögn voru lögð fram haft undir höndum fullnægjandi gögn til að sannreyna að hið meinta ólöglega samráð feli í sér brot á 53. gr. EES-samningsins og að engu fyrirtæki hafi verið veitt skilyrðisbundin niðurfelling á sektum samkvæmt a-lið 8. mgr. vegna hins meinta ólöglega samráðs.
11. Auk skilyrðanna sem kveðið er á um í a-lið 8. mgr. og 9. mgr. eða b-lið 8. mgr. og 10. mgr., eftir því sem við á, verður fyrirtæki að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að fá sekt fellda niður:
  - a) það verður að sýna fullan samstarfsvilja allan tímann meðan á málsmeðferð Eftirlitsstofnunar EFTA stendur og láta henni í té öll sönnunargögn sem það kemst yfir eða hefur undir höndum varðandi meint brot. Einkum verður það að vera reiðubúið að svara umsvifalaust hugsanlegum fyrirspurnum frá Eftirlitsstofnuninni sem geta hjálpað til við að upplýsa staðreyndir málsins,
  - b) það verður að hætta þátttöku sinni í hinu meinta broti eigi síðar en þegar það leggur fram sönnunargögn samkvæmt a- eða b-lið 8. mgr., eftir því sem við á,
  - c) það má ekki hafa gert neinar ráðstafanir til að þvinga önnur fyrirtæki til að taka þátt í brotinu.

**MÁLSMEDFERÐ**

12. Fyrirtæki sem óskar eftir niðurfellingu á sekt skal hafa samband við samkeppnis- og ríkisaðstoðardeild Eftirlitsstofnunar EFTA. Verði það augljóst að skilyrðin, sem kveðið er á um í 8. til 10. mgr., eftir því sem við á, eru ekki uppfyllt verður fyrirtækið þegar í stað látið vita að því standi niðurfelling á sekt ekki til boða vegna hins meinta brots.
13. Ef fyrirtækið á kost á að fá sekt vegna meints brots fellda niður getur það til að uppfylla skilyrði a- eða b-liðar 8. mgr., eftir því sem við á:
  - a) þegar í stað látið Eftirlitsstofnun EFTA í té öll sönnunargögn varðandi hið meina brot sem það hafði undir höndum þegar gögn voru lögð fram, eða
  - b) byrja á því kynna þessi sönnunargögn með skilyrtu orðalagi (hypothetical terms), en þá verður það að láta í té lista með lýsingu á sönnunargögnunum sem það ætlar að leggja fram síðar, á tilteknum degi. Þessi listi verður að endurspegla á nákvæman hátt eðli og efni sönnunargagnanna en samtímis verður að gæta þess að viðhalda hinu skilyrta orðalagi. Heimilt er að nota ritskoðuð eintök af þessum skjölum, þar sem viðkvæmar upplýsingar hafa verið fjarlægðar, til að útskýra eðli og efni sönnunargagnanna.
14. Samkeppnis- og ríkisaðstoðardeild Eftirlitsstofnunar EFTA mun afhenda fyrirtæki, sem sækir um niðurfellingu á sekt, skriflega staðfestingu þar sem fram kemur hvenær fyrirtækið annaðhvort lét Eftirlitsstofnun EFTA í té sönnunargögn samkvæmt a-lið 13. mgr. eða kynnti fyrir henni lista með lýsingu á sönnunargögnum, sbr. b-lið 13. mgr.
15. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur fengið í hendur sönnunargögnin sem fyrirtæki lætur henni í té, samkvæmt a-lið 13. mgr., og stofnunin hefur staðreynt að fyrirtækið uppfyllir skilyrðin sem kveðið er á um í a- eða b-lið 8. mgr., eftir því sem við á, tilkynnir Eftirlitsstofnunin skriflega að hún muni veita fyrirtækinu skilyrta niðurfellingu á sekt.
16. Önnur leiðin er að Eftirlitsstofnun EFTA gangi úr skugga um hvort eðli og efni sönnunargagnanna sem lýst er í listanum, sem um getur í b-lið 13. mgr., uppfylla skilyrðin í a- eða b-lið 8. mgr., eftir því sem við á, og láta fyrirtækið vita um það. Eftir að hafa lagt fram sönnunargögnin, eigi síðar en á umsömdum degi og eftir að hafa staðreynt að þau samsvara lýsingunni í skránni tilkynnir Eftirlitsstofnunin skriflega að hún muni veita fyrirtækinu skilyrta niðurfellingu á sekt.
17. Fyrirtæki sem uppfyllir ekki skilyrðin í a- eða b-lið 8. mgr., eftir því sem við á, er heimilt að draga til baka sönnunargögnin, sem það lagði fram þegar það sótti um niðurfellingu á sekt, eða fara fram á við Eftirlitsstofnun EFTA að hún taki þau til athugunar á grundvelli B-þáttar þessarar tilkynningar. Þetta kemur ekki í veg fyrir að Eftirlitsstofnunin beiti venjulegum rannsóknarheimildum til að afla umræddra gagna.
18. Eftirlitsstofnun EFTA mun ekki taka til skoðunar aðrar beiðnir um niðurfellingu á sekt fyrr en afstaða hefur verið tekin til beiðni sem þegar liggur fyrir vegna sama meinta brots.
19. Ef fyrirtækið hefur uppfyllt skilyrðin sem sett eru fram í 11. mgr. við lok málsmeðferðar mun Eftirlitsstofnun EFTA fella niður sekt í ákvörðun sinni í málinu.

**B. LÆKKUN Á SEKT**

20. Fyrirtæki sem uppfyllir ekki skilyrðin í A-þætti getur notið lækkunar á sekt sem annars hefði verið lögð á það.
21. Til þess að geta fengið sekt lækkaða verður fyrirtæki að láta Eftirlitsstofnun EFTA í té sönnunargögn um meint brot sem eru verulega mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem Eftirlitsstofnunin hefur þegar í förum sínum og verður að hætta þátttöku sinni í hinu meinta broti eigi síðar en þegar það leggur fram gögnin.

22. Hugtakið „mikilvæg viðbót“ vísar til þess að hve miklu leyti framlögð sönnunargögn hjálpa, vegna eðlis þeirra og/eða ítarleika, Eftirlitsstofnun EFTA til við að upplýsa staðreyndir málsins. Við matið mun Eftirlitsstofnun EFTA alla jafna telja að skrifleg sönnunargögn frá þeim tíma er meint brot áttu sér stað hafi meira gildi heldur en sönnunargögn sem koma til síðar. Á sama hátt hafa bein sönnunargögn meiri þýðingu en þau sem tengjast málinu eingöngu með óbeinum hætti.

23. Eftirlitsstofnun EFTA ákveður í endanlegri ákvörðun sem samþykkt er í lok málsmeðferðar:

- a) hvort sönnunargögnin sem fyrirtæki lét í té hafi verið mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem Eftirlitsstofnunin hafði undir höndum á sama tíma,
- b) hversu mikla lækkun fyrirtæki getur fengið, sem ákveðin er á eftirfarandi hátt á grundvelli sektarinnar sem annars hefði verið lögð á það:

- fyrsta fyrirtækið sem uppfyllir skilyrðin í 21. mgr.: 30-50% lækkun,

- annað fyrirtækið sem uppfyllir skilyrðin í 21. mgr.: 20-30% lækkun,

- önnur fyrirtæki sem uppfylla skilyrðin í 21. mgr.: allt að 20% lækkun.

Þegar Eftirlitsstofnunin metur hversu mikla lækkun á sektarfjárhæðinni fyrirtæki hlýtur mun hún taka tillit til þess á hvaða tímavæðingu sönnunargögnin, sem uppfylla skilyrðin í 21. mgr., voru lögð fram og að hve miklu leyti þau teljast mikilvæg viðbót. Hún getur einnig tekið mið af samstarfsvilja fyrirtækisins eftir að það lagði fram sönnunargögnin.

Að auki, ef fyrirtæki leggur fram sönnunargögn varðandi staðreyndir sem Eftirlitsstofnuninni var áður ókunnugt um og hafa beina þýðingu varðandi mat á alvöru hins meinta ólögmeta samráðs og hversu lengi það hefur staðið yfir þá mun Eftirlitsstofnun EFTA ekki taka mið af þessum þáttum þegar hún ákveður upphæð sektar sem lögð verður á fyrirtækið sem lagði fram þessi sönnunargögn.

#### MÁLSMEDFERÐ

24. Fyrirtæki sem óskar eftir lækkun á sektarfjárhæð ber að láta Eftirlitsstofnun EFTA í té sönnunargögn um hið ólögmeta samráð er um ræðir.

25. Fyrirtækið fær skriflega staðfestingu frá samkeppnis- og ríkisaðstoðardeild Eftirlitsstofnunar EFTA þar sem fram kemur hvenær viðkomandi sönnunargögn voru lögð fram. Eftirlitsstofnun EFTA mun ekki taka til skoðunar nein framlögð sönnunargögn frá fyrirtæki sem sækir um lækkun sektar fyrr en beiðnir um skilyrta niðurfellingu á sektum sem þegar liggja fyrir hjá henni og varða sama meinta brot hafa verið afgreiddar.

26. Ef Eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri frumniðurstöðu að sönnunargögnin sem fyrirtækið lagði fram séu mikilvæg viðbót í skilningi 22. mgr. mun hún láta fyrirtækið vita skriflega, eigi síðar en þegar frumniðurstaða um meint brot er kynnt, um ætlun sína að lækka sekt í tilteknum flokki, sbr. b-lið 23. mgr.

27. Að lokinni málsmeðferð samþykkir Eftirlitsstofnun EFTA ákvörðun þar sem fram kemur mat á endanlegri stöðu hvers fyrirtækis sem sótt hefur um lækkun á sektarfjárhæð.

#### ALMENN ÁKVÆÐI

28. Þessi tilkynning kemur í stað tilkynningarinnar frá 1997 í öllum tilvikum öðrum en þeim þar sem fyrirtæki hefur haft samband við Eftirlitsstofnun EFTA til að fá ívilnandi meðferð samkvæmt þeirri tilkynningu. Eftirlitsstofnunin mun athuga hvort nauðsynlegt sé að breyta þessari tilkynningu eftir að hafa fengið nægilega reynslu af beitingu hennar.

29. Eftirlitsstofnun EFTA er ljóst að þessi tilkynning mun vekja réttmætar væntingar hjá fyrirtækjum sem óska eftir að tilkynna henni um tilvist ólögmeta samráðs.

30. Ef ekki er hægt að uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í A- eða B-þætti, eftir því sem við á, á hvaða stigi málsmeðferðar sem er, kann það að leiða til þess að hætt verður við þá ívilnandi meðferð sem þar er kveðið á um.
31. Sú staðreynd að fyrirtæki átti samstarf við Eftirlitsstofnun EFTA meðan á málsmeðferð stóð verður tilgreind í öllum ákvörðunum til að útskýra hvers vegna sekt var felld niður eða lækkuð. Það að sekt er felld niður eða lækkuð veitir fyrirtæki ekki einkaréttarlega vernd vegna aðildar að broti á 53. gr. EES-samningsins.
32. Eftirlitsstofnun EFTA telur að alla jafna myndi hvers kyns birting, á hvaða tíma sem er, á skjölum sem henni berast í sambandi við þessa tilkynningu, skaða verndun á tilganginum með athugunum og rannsóknum) í skilningi 5. þáttar upplýsingaleiðbeininga stofnunarinnar.
33. Allar skriflegar yfirlýsingar til Eftirlitsstofnunar EFTA í tengslum við þessa tilkynningu er hluti af gögnum Eftirlitsstofnunarinnar. Óheimilt er að greina frá þeim eða nota þær í öðrum tilgangi en að framfylgja ákvæðum 53. gr. EES-samningsins.

**Leiðbeiningar Eftirlitsstofnunar EFTA um útreikning á sektum sem lagðar eru á samkvæmt samkeppnisreglum EES**

2003/EES/3/02

- A. Þessi tilkynning er gefin út samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) og samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól).
- B. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur birt „Leiðbeiningar um útreikning á sektum sem lagðar eru á samkvæmt 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 17 og 5. mgr. 65. gr. sáttmálans um Kola- og stálbandalag Evrópu“<sup>(1)</sup>. Í þeirri gerð, sem er ekki bindandi, er kveðið á um meginreglurnar sem framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna styðst við þegar hún reiknar úr sektir vegna brota á samkeppnisreglum EB og EES<sup>(2)</sup>.
- C. Eftirlitsstofnun EFTA telur að fyrrnefnd gerð varði EES. Til þess að viðhalda jöfnum samkeppnisskilyrðum og tryggja að samkeppnisreglum EES sé beitt eins alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) samþykkir Eftirlitsstofnun EFTA þessa tilkynningu samkvæmt umboði sem henni er veitt í b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. Ætlun hennar er að fylgja þeim meginreglum og ákvæðum sem mælt er fyrir um í þessari tilkynningu við beitingu viðeigandi EES-reglna í tilteknu máli.

**1. Inngangur**

Markmið reglnanna, sem kveðið er á um í þessum leiðbeiningum, er að tryggja að ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA séu gagnsæjar og óhlutdrægar, bæði að áliti fyrirtækja og EFTA-dómstólsins, og jafnframt staðfesta að Eftirlitsstofnunin er heimilt, samkvæmt gildandi löggjöf að sekta fyrirtæki, sem talin eru brjóta samkeppnisreglur EES, um fjárhæð sem getur numið allt að 10% af heildarveltu þeirra. Beiting þessarar heimildar verður þó að samrýmast heildstæðri og óhlutdrægri stefnu og vera í takt við markmiðið með viðurlögum við brotum á samkeppnisreglum EES-samningsins og í samræmi við venju framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna á þessu sviði.

Aðferðin við að reikna úr sektarfjárhæð grundvallast á eftirfarandi reglum þar sem gengið er út frá grunnupphæð sem er hækkuð ef um er að ræða þyngjandi ástæður eða lækkuð ef um er að ræða mildandi ástæður.

**2. Grunnupphæð**

Grunnupphæð miðast við hversu alvarlegt brotið er og hve lengi það hefur varað, en það eru einu viðmiðin sem kveðið er á um í 2. mgr. 15. gr. II. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

**A. Alvara brots**

Við mat á því hversu alvarlegt brot er verður að taka mið af eðli þess, raunverulegum áhrifum á markaðinn, þegar hægt er að meta það, og stærð viðkomandi landfræðilegs markaðar.

Brotum er þannig skipt í þrjá flokka: minniháttar brot, alvarleg brot og mjög alvarleg brot:

- Minniháttar brot:

Þau geta verið viðskiptahindranir, alla jafna lóðréttar, sem hafa takmörkuð áhrif á markaðinn og sem varða aðeins tiltölulega lítinn hluta EES enda þótt sá hluti teljist skipta verulegu máli.

Hugsanlegar sektir: 1 000 til 1 miljón evrur.

- Alvarleg brot:

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 9, 14.1.1998, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skipta með sér heimild til að meðhöndla einstök mál sem falla undir 53. og 54. gr. EES-samningsins samkvæmt ákvæðum 56. gr. EES-samningsins. Eingöngu önnur stofnunin hefur heimild til að annast tiltekið mál.



Oftar en ekki er um að ræða láréttar eða lóðréttar takmarkanir, samskonar og um getur hér að framan, en sem beitt er af meiri hörku, með víðtækari markaðsáhrif og á stóran hluta EES. Einnig getur verið um að ræða misnotkun á markaðsyferráðum (neitun að selja, mismunun, útilokun, tryggðarafslættir sem fyrirtæki í yfirburðastöðu veita til að bola keppinautum út af markaðinum, o.s.frv.).

Hugsanlegar sektir: 1 miljón til 20 miljónir evrur.

- Mjög alvarleg brot:

Almennt er um að ræða láréttar takmarkanir svo sem verðsamráð og samráð um markaðsskiptingu, eða aðrar aðferðir sem stofna í hættu eðlilegri framkvæmd EES-samningsins, svo sem uppskipting innlendra markaða og augljós misnotkun fyrirtækja í einokunaraðstöðu á markaðsyferráðum sínum.

Hugsanlegar sektir: yfir 20 miljónir evrur.

Innan þessara flokka, einkum að því er varðar alvarleg og mjög alvarleg brot, skapa þau sektarþrep, sem lögð eru til, svigrúm til þess að gera greinarmun á fyrirtækjum eftir eðli brots þeirra.

Einnig er nauðsynlegt að taka mið af efnahagslegri getu brotlegra fyrirtækja til að valda öðrum, einkum neytendum, verulegum skaða í raun og hafa upphæð sektarinnar það háa að hún hafi nægileg fyrirbyggjandi áhrif.

Almennt séð væri einnig hægt að taka mið af þeirri staðreynd að stór fyrirtæki búa alla jafna yfir þekkingu á lögum og efnahagslífi og skipulagi sem gerir þeim kleift að meta hvort þau hagi sér með ólögsmætum hætti og gera sér grein fyrir afleiðingum þess samkvæmt samkeppnisreglum EES.

Ef brotið varðar mörg fyrirtæki (til dæmis ólögsmætt samráð fyrirtækja) getur í ákveðnum tilvikum reynst nauðsynlegt að leggja á misháar sektir innan hvers flokks til að taka mið af ákveðnu vægi og þar með raunverulegum áhrifum af ólögsmætu athæfi hvers fyrirtækis á samkeppni, einkum þegar um er að ræða verulegan stærðarmun á fyrirtækjum sem fremja samskonar brot.

Því getur meginreglan um sambærilega refsingu fyrir sama athæfi, ef aðstæður leyfa það, leitt til þess að mismunandi sektir eru lagðar á viðkomandi fyrirtæki án þess að til komi tölulegir útreikningar.

## B. Tímalengd

Rétt er að greina á milli:

- brota sem hafa viðgengist í stuttan tíma (alla jafna minna en eitt ár): engin hækkun á fjárhæð,
- brota sem hafa viðgengist í miðlungslangan tíma (alla jafna milli eitt og fimm ár): hækkun upphæðar um allt að 50%, allt eftir alvöru brotsins,
- brota sem hafa viðgengist lengi (alla jafna lengur en fimm ár): allt að 10% hækkun upphæðar, allt eftir alvöru brotsins.

Þessi aðferð getur þannig leitt til hækkunar á sekt.

Almennt séð felur hækkunin á sekt vegna þess að brot hafa varað lengi í sér verulega strangari framkvæmd EES-reglna, frá því sem áður hefur verið, í þeim tilgangi að raunverulegum viðurlögum verði beitt við takmörkunum, sem hafa haft í för með sér skaðleg áhrif fyrir neytendum um langt skeið. Ennfremur er þessi nýja nálgun í samræmi við síðustu tilkynningu frá Eftirlitsstofnun EFTA um niðurfellingu eða lækkingu sekta í málum er varða ólögsmætt samráð<sup>(1)</sup>. Hættan á að verða að greiða miklu hærri sekt, í hlutfalli við hve lengi brotið hefur viðgengist, eykur óhjákvæmilega líkurnar á að ljóstrað sé upp um það eða að höfð sé samvinna við stofnunina.

Grunnupphæð er reiknuðu út með því að leggja saman tvær fyrrnefndar upphæðir:

$$x \text{ alvara brotsins} + y \text{ tímalengd} = \text{grunnupphæð}$$

(1) Tilkynning samþykkt 12. júní 2002. Sjá bls. 1 í þessu hefti af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

### 3. Þyngjandi ástæður

Grunnupphæðin hækkar ef um er að ræða þyngjandi ástæður, svo sem:

- endurtekið brot sömu tegundar af sama fyrirtæki (fyrirtækjum),
- ef neitað er að eiga samvinnu við Eftirlitsstofnun EFTA eða reynt er að hindra hana við rannsókn mála,
- ef fyrirtæki er forsprakki eða á upptökin að brotinu,
- ef um er að ræða hefndaraðgerðir gegn öðrum fyrirtækjum í því skyni að þvinga þau til ólögmetra viðskiptaaðferða,
- ef þörf er á að hækka sektina svo hún verði hærri en hagnaður af brotinu þegar hægt er að meta þá upphæð á hlutlægan hátt,
- annað.

### 4. Mildandi ástæður

Grunnupphæðin lækkar ef um er að ræða mildandi ástæður, svo sem:

- ef fyrirtækið hefur eingöngu átt óvirkan þátt í brotinu eða eingöngu fylgt eftir forsprakkanum,
- ef fyrirtækið hefur ekki í reynd framfylgt ólögmetum samningum eða aðhafst á ólögmetan hátt,
- ef fyrirtækið hættir að brjóta af sér jafnskjótt og Eftirlitsstofnun EFTA hefur afskipti af málinu (einkum þegar hún heimsækir fyrirtæki til gagnaöflunar),
- er fyrirtækið hefur haft réttmætar efasemdir um að samkeppnistakmörkunin væri brot,
- ef brot eru framin af gáleysi eða óviljandi,
- ef um er að ræða árangursríka samvinnu af hálfu fyrirtækisins, án þess þó að hún falli undir síðustu tilkynningu stofnunarinnar um niðurfellingu eða lækkun sekta í málum er varða ólögmett samráð,
- annað.

### 5. Beiting tilkynningar Eftirlitsstofnunar EFTA frá 12. júní 2002 um niðurfellingu eða lækkun sekta í málum er varða ólögmett samráð

#### 6. Almennar athugasemdir

- a) Ekki þarf að taka fram að endanleg upphæð sem reiknuð er samkvæmt þessari aðferð (grunnupphæð sem er hlutfallslega hækkuð eða lækkuð) má ekki fara yfir 10% af heimsveltu fyrirtækjanna, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 15. gr. II. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Reikningsárið, sem heimsvelta miðast við, verður að svo miklu leyti sem því verður við komið að vera árið sem fer á undan árinu þegar ákvörðunin var tekin eða, ef tölur eru ekki tiltækar, fyrir reikningsárið sem fer næst á undan.

- b) Þegar fyrirnefndir útreikningar hafa verið gerðir er rétt að taka mið af ákveðnum hlutlægum þáttum, þegar því verður við komið, eins og sérstökum efnahagslegum aðstæðum, hugsanlegum efnahagslegum eða fjárhagslegum ávinningi brotlegu fyrirtækjanna, sérstökum einkennum viðkomandi fyrirtækja og raunverulegri greiðslugetu þeirra í því félagslegu samhengi sem um er að ræða og sektir miðaðar við það.
- c) Í tilvikum þegar um er að ræða samtök fyrirtækja, er rétt að miða ákvarðanir, að svo miklu leyti sem því verður við komið, við einstök fyrirtæki og leggja sektir á einstök fyrirtæki sem tilheyra samtökunum. Ef þetta er illfrákvæmanlegt (t.d. ef um er að ræða nokkur þúsund tengd fyrirtæki) er heildarsekt lögð á samtökin, sem reiknuð er samkvæmt meginreglunum sem gerð er grein fyrir hér að ofan og skal hún vara jafnhá samanlögðum einstökum sektum sem hefði verið hægt að leggja á sérhvert fyrirtæki í samtökunum.
- d) Eftirlitsstofnun EFTA áskilur sér einnig rétt í ákveðnum málum til að leggja á „táknræna“ sekt að upphæð 1 000 evrur sem er ekki reiknuð út frá því hversu lengi brotið hefur staðið né heldur þyngjandi eða mildandi ástæðum. Í ákvörðuninni ber að tilgreina ástæður fyrir slíkri sekt.

Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 61. og 63. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. bókkunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól

2003/EES/3/03

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum

Samkvæmt beiðni er hægt að fá eintak af ákvörðuninni á löggiltu tungumáli hjá:

EFTA Surveillance Authority  
Competition and State Aid Directorate  
Rue de Trèves, 74  
1040 Brussels  
Belgium

<b>Ákvörðunin var samþykkt þann:</b>	18. september 2002
<b>EFTA-ríki:</b>	Noregur
<b>Aðstoð nr.:</b>	SAM 030.02.004
<b>Titill:</b>	Stuðningur við kvikmyndaframleiðendur
<b>Markmið:</b>	Menning (stuðla að framleiðslu og markaðssetningu á kvikmyndum), LMF
<b>Lagastoð:</b>	Árleg fjárframlög (Ríkisfjárlög, 50. liður 334. kafla) reglugerð um stuðning við kvikmyndaframleiðendur („ <i>Forskrift om tilskudd til produksjonsselskaper</i> “)
<b>Form aðstoðar:</b>	Styrkur, vaxtalaust lán
<b>Upphæð aðstoðar:</b>	Úthlutun fyrir 2002 (5% af framlögun til norska kvikmyndasjóðsins): u.þ.b. 10 miljónir NOK (u.þ.b. 1,4 miljón) €
<b>Styrkleiki aðstoðar:</b>	„Þróunarstyrkir“: 50%; „viðskiptaþróunarlán“: 50% fyrir ráðgjafarþjónustu við LMF og 15%/7,5% fyrir fjárfestingaraðstoð til LMF
<b>Gildistími:</b>	5 ár

Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól

2003/EES/3/04

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum

<b>Ákvörðunin var samþykkt þann:</b>	25. september 2002
<b>EFTA-ríki:</b>	Noregur
<b>Aðstoð nr.:</b>	SAM 030.02.002
<b>Titill:</b>	Skattalækkun vegna útgjalda í tengslum við rannsóknir og þróun
<b>Markmið:</b>	Að hvetja fyrirtæki til að taka virkari þátt í rannsóknum og þróunarstarfsemi
<b>Lagastoð:</b>	16.-40. í skattalögum frá 26. mars 1999 nr. 14 og reglugerð þar að lútandi
<b>Upphæð aðstoðar:</b>	510 miljónir NOK (u.þ.b. 70 miljónir EUR)
<b>Gildistími:</b>	Óákveðinn (áætlunin er háð árlegri fjárveitingu Stórþingsins)

Ákvarðanir norskra stjórnvalda um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 2003/EES/3/05 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 <sup>(1)</sup> um flugrekstrarleyfi til handa flugfélögum

*B-flokkur: Flugrekstrarleyfi með takmörkunum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92*

Heiti flugfélags	Póstfang flugfélags	Ákvörðun í gildi frá
Air Team AS	Merdeveien 188 N-3676 Notodden	1.3.2002

<sup>(1)</sup> Stjórnartíð. EB L 240, 24.8.1992, bls. 1.

# EFTA-STOFNANIR

## EFTA-DÓMSTÓLLINN

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2003/EES/3/06

frá 9. október 2002

**í máli E-6/01: Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Oslo byrett (borgardómur Óslóar):  
CIBA Specialty Chemicals Treatment Ltd o.fl. gegn norska ríkinu, en í fyrirsvari er ráðuneyti  
atvinnumála og sveitarstjórna**

*(Málsmeðferðarreglur – mál tækt til efnismeðferðar – valdsvið dómstólsins – valdsvið sameiginlegu  
EES-nefndarinnar)*

Í máli E-6/01: Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins, samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, frá Oslo byrett (borgardómur Óslóar) um ráðgefandi álit í máli sem rekið er fyrir dómstólnum milli CIBA Specialty Chemicals Treatment Ltd o.fl. og norska ríkisins, en í fyrirsvari er ráðuneyti atvinnumála og sveitarstjórna, um túlkun á 92., 93., 98. og 102. gr. EES-samningsins, 97. gr. málsmeðferðarreglna dómstólsins, 1. lið XV. kafla (hættuleg efni) í II. viðauka við EES-samninginn, einkum yfirlýsingu um hugsanlega undanþágu EFTA-ríkjanna frá lögum bandalagsins um flokkun og merkingu hættulegra efna, sameiginlegri yfirlýsingu sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem samþykkt var 22. júní 1995 varðandi XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn um endurskoðunarákvæði á sviði hættulegra efna (Stjtið. EB 1996 C 6, bls. 7), einkum II. viðauka við þá sameiginlegu yfirlýsingu þar sem kveðið er á um tiltekna undanþágu fyrir Noreg, og sameiginlegri yfirlýsingu sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem samþykkt var 26. mars 1999 varðandi XV. kafla II. viðauka um endurskoðunarákvæði á sviði hættulegra efna (Stjtið. EB 1999 C 185, bls. 6), einkum viðaukanum við þá sameiginlegu yfirlýsingu þar sem kveðið er á um ákveðna undanþágu fyrir Noreg, hefur dómstóllinn skipaður forseta dómstólsins Þór Vilhjálmssyni (framsögumaður) og dómurinum Carl Baudenbacher og Per Tresselt, kveðið upp svofelldan dóm hinn 9. október 2002:

**Sameiginlega EES-nefndin var bær um að samþykkja sameiginlegu yfirlýsinguna frá 26. mars 1999 þar sem Noregi er veitt tiltekin undanþága frá viðeigandi reglum bandalagsins um flokkun og merkingu hættulegra efna.**

## DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2003/EES/3/07

frá 18. október 2002

í máli E-7/01:

**Beiðni um ráðgefandi álit frá Gulating lagmannsrett (héraðsrétturinn í Gulating): Hegelstad Eiendomsselskap Arvid B. Hegelstad o.fl. gegn Hydro Texaco AS**

*(samkeppni – samningur um einkakaup – bensínstöðvarsamningur – 53. gr. EES-samningsins – reglugerð 1984/93 – ógilding)*

Í máli E-7/01: Beiðni um ráðgefandi álit dómstólsins, samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, frá Gulating lagmannsrett (héraðsrétturinn í Gulating), í máli sem þar er rekið milli Hegelstad Eiendomsselskap Arvid B. Hegelstad o.fl. og Hydro Texaco AS, um túlkun á 53. gr. EES-samningsins, hefur dómstóllinn skipaður: Þór Vilhjálmssyni forseta og dómurumun Carl Baudenbacher (framsögumaður) og Per Tresselt, kveðið upp svofelldan dóm hinn 18. október 2002:

1. Samningur milli birgis, sem útvegar vélareldsneyti og smurolíu, og sjálfstæðs bensínsala sem kveður á um einkakaupaskyldu sem bensínalinn getur ekki bundið enda á í 15 ár, fellur ekki undir heildarundanþágu einkakaupasamninga í reglugerð 1984/83.
2. Ákvæði 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins gildir ekki um samninga um einkakaup sem gerðir eru milli birgis, sem útvegar vélareldsneyti og smurolíu, og sjálfstæðs bensínsala fyrir ákveðið 15 ára tímabil, þar sem slík gerð af samningi stuðlar eingöngu að verulega litlu leyti að uppsöfnuðum útilokunaráhrifum sem orsakast af heildarfjölda samninga á markaðinum.
3. Sjálfkrafa ógilding samkvæmt 2. mgr. 53. gr. EES-samnings varðar eingöngu þá samninga sem falla undir bannið í 1. mgr. 53. gr. EES. Það er á valdsviði innlends dómstóls að úrskurða, í samræmi við viðeigandi landslög, hvort ógildingin hefur þýðingu fyrir aðra hluta samningsins.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.2851 – Intracom/Siemens/STI)

2003/EES/3/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 8.1.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 <sup>(2)</sup>, þar sem fyrirtækið Intracom S.A. („Intracom“, Grikklandi) og Siemens AG („Siemens“, Þýskalandi), öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Siemens Tele Industrie A.E. („STI“, Grikklandi), sem áður var alfarið undir stjórn Siemens, með kaupum á hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Intracom: almenn simnet, samþætt viðskiptanet, gervihnattatæki, fjarvirkni, orkustjórnun og varnarkerfi,
  - Siemens: orka, flutningar, lækningatæki, upplýsingar og samskipti, bíla- og byggingartækni,
  - STI: framleiðsla á fjarskipta- og rafeindabúnaði.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 10, 16.1.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.2851 – Intracom/Siemens/STI, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate B – Merger Task Force  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1000 Bruxelles/Brussel.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. COMP/M.2982 – Lazard/IntesaBci/JV)****2003/EES/3/09**

1. Framkvæmdastjórninni barst 20.12.2002 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 <sup>(2)</sup>, þar sem fyrirtækin Lazard LLC (Bandaríkjunum) og IntesaBci (Ítalíu), öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar sameiginleg yfirráð yfir núverandi fyrirtæki með kaupum á hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Lazard: fjárfestingarbanki,
  - IntesaBci: ítölsk bankasamtæða sem starfar á sviði banka- og tryggingamála sem og fjármálamiðlunar, eignastjórnunar, eignaleigu og innheimtustarfsemi.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 10, 16.1.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.2982 – Lazard/IntesaBci/JV, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate B – Merger Task Force  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1000 Bruxelles/Brussel.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. COMP/M.3043 – Emerson/Dana/JV)**

2003/EES/3/10

**Mál sem hugsanlega verður tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

